

Ný gjaldskrá Matvælastofnunar mun margfalda eftirlitskostnað smáframleiðenda og draga úr nýsköpun á landsbyggðinni.

Umsögn frá Erlendi Björnssyni Seglbúðum og Guðjóni Þorkelssyni prófessor og ráðgjafa.

Í nýrri gjaldskrá Matvælastofnunar er ekkert tillit tekið til fyrirtækja með litla framleiðslu eða þarfa fyrirtækja sem líða fyrir landfræðilegar takmarkanir eins og gert í öðru frumvarpi um gjaldskrá Matvælastofnunar (53. löggjafarþing 2022–2023. Þingskjal 682 — 540. Mál).

Ný gjaldskrá Matvælastofnunar mun hækka kostnað sláturhússins á Seglbúðum um 800%. Árið 2022 var hann um 270 þúsund krónur en hefði verið um 2,2 milljónir króna samkvæmt nýju gjaldskránni. Hann fer úr um 16 kr/kg í 130 kr/kg eða úr 1,14% í 9,30% af heildsöluverði. Rekstur fyrirtækisins mun aldrei geta staðið undir þessum kostnaði og það neyðast til að hætta starfsemi.

Núverandi gjaldskrá byggir á gjaldi sem er 5,5 kr á kg framleitt kjöt. Kílóagjaldið hefur stuðlað að starfsemi smærri sláturhúsa. Á öllum Norðurlöndunum er stutt við smáframleiðendur með því að niðurgreiða kostnað við heilbrigðisskoðun. Þannig er hámarksgjald fyrir heilbrigðisskoðun í litlum sláturhúsum í Noregi 1 Norskar kr/kg eða um 13 kr/kg.

Forsendur útreikninga:

Um 1000 lömbum er slátrað á hverju hausti í Sláturhúsinu á Seglbúðum sem gerir um 17 þúsund kg á kjöti. Þannig þjónar sláturhúsið um 20 innleggendum sem vinna og selja kjötið beint frá býli. Þannig verður til meiri vinna og virðisauki sem annars myndi fara annað. Slátrað er tvisvar í viku. 90 lömbum er að jafnaði slátrað á hverjum degi. Þannig að sláturdagar á hverju hausti eru um ellefu.


	Fjöldi lamba	Meðalþungi kg	Framleiðsla kg
Framleiðsla	1.000	17	17.000


Kostnaður samkvæmt núverandi gjaldskrá:

	Eining	Magn	Krónur
Árleg úttekt	13.409 kr/klst	10 klst	134.090
Akstursgjald	3.600 kr	12 dagar	43.200
Skoðunargjald	5,5 kr/kg	17.000 kg	93.500
Alls			270.790
kr/kg			15,9

Kostnaður eftir breytingu á gjaldskrá:

	Eining	Magn	Krónur
Árleg úttekt	13.409 kr/klst	10 klst	134.090
Akstursgjald	132 kr/klst	5.040 km	665.280
Heilbrigðisskoðun	10.709,0	132 klst	1.413.588
Alls			2.212.958
kr/kg			130,2


 Erlendur Björnsson


 Guðjón Þorkelsson

Tilvísanir:

53. löggjafarþing 2022–2023. Þingskjal 682 — 540. Mál

392/2022. GJALDSKRÁ fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar2. gr.

Risk-based meat inspection in a Nordic context. TemaNord 2006:585

<https://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:700674/FULLTEXT01.pdf>

1	2	3	4
5	6	7	8

9	10	11	12
13	14	15	16
17	18	19	20
21	22	23	24

25	26	27	28
29	30	31	32
33	34	35	36
37	38	39	40